

SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Reykjavík, 27. mars 2000

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125 / 1258
komudagur 27. 3. 2000

Efni: Umsögn um frv. um breytingu á lífeyrissjóðalögum (260. mál).

Við er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 7. mars 2000, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (260. mál).

Samtök fjármálafyrirtækja eru fylgjandi því að frumvarpið verði að lögum en gera eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði þess:

2. gr. Heimild stjórnar til að breyta samþykktum..

Samtökin eru fyrir hönd þeirra séreignarsjóða sem rekin eru á vegum aðildarfyrirtækja fylgjandi þessu ákvæði. Engu að síður þykir rétt að benda á að breyting af þessu tagi hlýtur að hafa almennt fordæmisgildi þannig að Alþingi muni síðar fallast á að hliðstætt ákvæði verði sett í lög um hlutafélög og önnur lög á sviði félagaréttar sem og öll önnur lög þar sem kveðið er á um starfsemi fyrirtækja sem setja sér samþykktir.

4. gr. Ný grein.

Samtökin skilja 4. gr. frumvarpsins þannig að ætlunin sé að bæta nýrri grein við lögina á eftir 32. gr. en ekki að umorða 33. gr. þannig að núgildandi ákvæði hennar um gerðardóm hverfi.

5. gr. Fjárfestingarstefna og -heimildir.

Í umsögn sinni frá 1. desember 1997 um frumvarpið sem varð að gildandi lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða bentu Samtök verðbréfafyrirtækja á að óráðlegt væri að útfæra fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða með þeim hætti sem gert væri í frumvarpinu vegna þeirrar sífelldu þróunar sem ætti sér stað á fjármagnsmarkaði hér á landi og erlendis. Lögðu þau til að einungis yrðu lögfest meginákvæði en síðan yrði ráðherra heimilað að kveða nánar á um fjárfestingarstefnuna í reglugerð að fenginni umsögn eftirlitsaðilans.

Samtök fjármálafyrirtækja telja að sú staðreynd að nú er verið að leggja til breytingar á þessari grein laganna staðfesti að afstaða Samtaka verðbréfafyrirtækja á sínum tíma hafi verið rétt. Því leggja samtökin til að öll hámarkshlutföll verði tekin út úr tölulíðunum í 1. mgr. 36. gr. og í stað eftirfarandi málsgreina komi málsgrein þar sem ráðherra verði falið að kveða nánar á um fjárfestingarstefnuna í reglugerð.

Skrifstofa samtakanna:

Samband íslenskra viðskiptabanka · Austurstræti 5 · 101 Reykjavík · Sími: 525 6045 · Fax: 525 6119

d-liður 5. gr. (hlutabréfaeign) og f-liður 5. gr. (eignir í erlendum gjaldmiðli).

Fallist nefndin ekki á tillöguna hér að framan um afnám ítarlegra ákvæða um hámark fjárfestingar í hinum ýmsu tegundum verðbréfa er lagt til að hlutfallstalan í f-lið 5. gr. (eignir í erlendum gjaldmiðli) verði 60% í stað 50%. Að mati samtakanna er slík hækkun í mun betra samræmi við rökstuðninginn í athugasemdum við frumvarpið en hækkunin í 50%. Jafnframt er lagt til að hámark á hlutabréfaeign lífeyrissjóðs sem kveðið er á um í d-lið 5. gr. verði sömuleiðis hækkað úr 50% í 60%.

6. gr. Skil á fjárfestingarstefnu til Fjármálaeftirlitsins.


Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs er eitt af grundvallaratriðunum í starfsemi hans. Hún er mótuð til tiltölulega langs tíma og tekur ekki breytingum frá ári til árs í samræmi við skammtímasjónarmið um horfur á fjármagnsmarkaði hér á landi eða erlendis. Þannig getur lífeyrissjóður í fjárfestingarstefnu sinni lagt megináherslu á innlend skuldabréf, annar á innlend og erlend skuldabréf í tilteknum viðmiðunarhlutföllum, sá þriðji á innlend skuldabréf og hlutabréf í tilteknum viðmiðunarhlutföllum og sá fjórði á innlend og erlend skuldabréf og hlutabréf í tilteknum viðmiðunarhlutföllum. Ræðst þetta m.a. af aldurssamsetningu sjóðsfélaga og væntum eða raunverulegum viðhorfum þeirra til samspils ávöxtunar og áhættu.

Í þessari grein frumvarpsins virðist hugmyndin vera sú að lífeyrissjóðir skili árlegri fjárfestingaráætlun (viðskiptaáætlun) sinni til Fjármálaeftirlitisins en í slíkri áætlun er fjallað nánar um væntanleg kaup og sölu á verðbréfum innan þess svigrúms sem fjárfestingarstefnan gefur. Hins vegar er vandséð að Fjármálaeftirlitið hafi nokkuð með slíkar upplýsingar að gera og alger óþarfi að leggja þessa skyldu á lífeyrissjóði fremur en verðbréfasjóði, viðskiptabanka, sparisjóði og aðra aðila sem taka við fé frá almenningi til ávöxtunar og binda það í hinum ýmsu eignum. Að mati samtakanna mun þessi skylda einungis auka skrifinnsku og eftirlitskostnað og er hann þó ærinn fyrir. Því er lagt til að greinin falli brott.

8. gr. Fjárfestingarstefna og úttekt á ávöxtun eignasafna.

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs er öllum aðgengileg sem vilja kynna sér hana. Jafnframt veita lífeyrissjóðir upplýsingar um þá ávöxtun eigna sem þeir hafa náð auk þess sem Fjármálaeftirlitið hefur á undanförunum árum birt slíkar upplýsingar í reglulegri skýrslu sinni um lífeyrissjóði. Í ljósi þessa er lagt til að greinin falli brott.

Virðingarfyllst,



Finnur Sveinbjörnsson